Erindi: Leikvöllur við Grænukinn í Hfj.

Hafnarfjörður 21.3.2016

Kæra fræðsluráð

Ég óska eftir að leggja fram tvær fyrirspurnir fyrir næsta fund fræðsluráðs.

Ég 3ja barna móðir við Bröttukinn í Hfj. langar að spyrja ykkur um framtíðarplön leikvallar við Grænukinn. Fyrir mér er þarna vannýtt svæði sem hægt væri að byggja upp og gera að góðu og margnýtilegu útivistar-/leiksvæði bæði fyrir börnin og fjölskyldur í hverfinu, börnin í bænum og dagmæður.

Einnig langar mig að spyrja um hvort fyrirhugað sé að leggja gangstíg við Grænukinn. Hef áhyggjur af því að þegar búið er að gera upp leiksvæðið er engin gangstígur að svæðinu. Þröng gata, skrítin bílastæði og hvergi hægt að ganga.

Þætti mér vænt um að fá þessum fyrirspurnum svarað eftir næsta fund fræðsluráðs Hfj.

Með vinsemd

Rakel Dögg Sigurgeirsdóttir
Brattakinn 9
220 Hafnarfirði
s. 6980076
rakel@asmegin.net